

## ERINDISBRÉF

### fyrir kennara í grunnskóla.

#### 1. gr.

Kennari, sem ráðin er til kennslu, skal gegna starfinu samkvæmt þeim lögum, reglum og kjarasamningum sem gilda á hverjum tíma. Honum ber að kynna sér vel það sem að starfinu lýtur.

Honum ber að hafa í huga að markmið kennslunnar er ekki eingöngu að nemendur læri tiltekin fróðleikatriði heldur öllu fremur aðstoð og hvatning til sjálfstæðra vinnubragða og skilnings á viðfangsefninu.

Kennara ber að hvetja nemendur til sjálfstæðrar hugsunar og heilbrigðra lífsviðhorfa.

Kennara ber að gæta þess að álasa nemanda aldrei fyrir hæfileikaskort og nota lof fremur en ávitur og sé hvorutveggja beitt af sanngirni. Kennari skal leitast við að stuðla að því að sérhver nemandi fái jákvæða og raunsæja hugmynd um sjálfan sig.

Forðast ber að ala á óhóflegum metingi milli nemenda.

Kennari skal leitast við að vera nemendum sínum til fyrirmyndar um háttvísi, stundvísi og reglusemi.

Hverjum kennara er skylt að gæta algjörar þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra er hann fær vitneskju um í starfi. Sama gildir um vitnisburð nemenda og önnur trúnaðarmál skóla. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

#### 2. gr.

Réttindi kennara til að kenna í grunnskóla eða einstökum bekkjum hans fara eftir ákvæðum laga um menntun og réttindi kennara.

#### 3. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar kennara við grunnskóla að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og fræðslustjóra.

Setning kennara gildir aðeins þann tíma, sem tilgreindur er í setningarbréfi hans.

Stunda- og forfallakennara við grunnskóla ræður viðkomandi skólastjóri með samþykki skólanefndar.

#### 4. gr.

Þegar kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar og viðkomandi skólastjóra fyrir 1. febrúar.

Kennari, sem hyggst fá ársleyfi án launa sækir um það til menntamálaráðuneytisins fyrir sama tíma. Umsóknina ber að senda til viðkomandi skólanefndar jafnframt því sem kennarinn greinir skólastjóra frá áformi sínu.

#### 5. gr.

Vinnutími og kjör kennara grunnskóla fara eftir ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Um orlof kennara fer eftir reglugerð nr. 62/1975.

#### 6. gr.

Forfallist kennari vegna veikinda eða af öðrum ástæðum ber honum að tilkynna skólastjóra það svo fljótt sem auðið er.

Kennari skili læknisvottorði í veikindaförföllum.

## 7. gr.

Kennarar, sem eru að hefja störf, skulu eiga kost á viðræðufundum við upphaf skólaárs, sbr. 12. gr., 5. fl., grunnskólalaga.

## 8. gr.

Kennara ber að annast kennslu samkvæmt stundaskrá og hafa umsjón og eftirlit í frímínútum eftir þörfum skólans enda sé stundaskrá þannig samín að kennarar fái eðlileg stundahlé og kaffitíma. Kennari skal fylgjast með því að nemendur hlýði settum reglum og fyrirmælum meðan þeir eru í skólanum, bæði innan húss og utan.

Telji kennari framkomu nemenda, stundvísi, námsgetu, ástundun eða aðbúnað heima fyrir athugaverða ber honum að kynna sér orsakir þess eftir föngum og gera skólastjóra aðvart.

Hann skal einnig fylgjast með því að borð, sæti, birta, loftræsting, hreinlæti og annað, er snertir aðbúnað nemenda í skólanum, sé þannig að þeir fái sem best notið kennslunnar og gerir skólastjóra viðvart um það sem áfátt er.

Kennari skal færa dagbækur reglulega, nemendaskrár, einkunnabækur og aðrar nauðsynlegar skýrslur eftir samkomulagi við skólastjóra.

## 9. gr.

Umsjónarkennari (bekkjarkennari) skal öðrum kennurum skólans fremur fylgjast með námi og þroska þeirra nemenda sem hann hefur umsjón með, leiðbeina þeim og hafa samband við forráðamenn eftir því sem þörf krefur.

## 10. gr.

Heimilt er að fela einum eða fleiri kennurum grunnskóla að annast tómtunda- og félagsstörf á vegum skólans.

Sé notuð heimild í lögum og stofnað nemendaráð við skóla skal einn af kennurum skólans vera nemendaráði til aðstoðar og ráðuneytis.

Heimilt er að lækka kennsluskyldu til móts við þá vinnu sem innt er af hendi í þessu sambandi.

## 11. gr.

Forfallist skólastjóri grunnskóla, sem ekki á rétt á yfirkennara, felur hann einum af fóstum kennurum skólans að fara með skólastjórn.

Ef fyrirsjáanleg forföll eru lengri en tveir mánuðir gerir skólanefnd í samráði við skólastjóra og fræðslustjóra tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í starfið þann tíma sem skólastjóri er forfallaður.

## 12. gr.

Fulltrúar kennara eiga rétt til að sitja fundi fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti. Þeir skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt til að sækja fundi og þeir, sbr. reglugerð nr. 514/1975, um kennarafulltrúa í fræðsluráðum o. fl.

Þá eiga kennarar, sem kosnir eru úr hópi fastra kennara í skólahverfinu, sæti á fundum skólanefnda með málfrelsi og tillögurétti, sbr. 18. gr. grunnskólalaga. Um fundarboðun og rétt til fundarsetu gildir sama og um fræðsluráðsfundi.

Öllum fastráðnum kennurum skóla, sem kenna hálfu kennslu eða meira, er skylt að sækja kennarafundi þá mánuði er skóli starfar ef fundur fer fram á daglegum starfstíma skóla. Á sama hátt er stunda- og forfallakennurum skylt að sækja kennarafundi ef skólastjóri eða kennararáð æskja þess.

## 13. gr.

Kennara er heimilt að víkja nemanda úr kennslustund ef hann hefur valdið verulegri truflun og ekki látið skipast við áminningu. Nemanda skal þá jafnan vísað

á ákveðinn stað í skólanum, svo sem skrifstofu skólustjóra eða yfirkennara, skrifstofu skólans eða kennarastofu, allt eftir aðstæðum. Skal kennari jafnan ræða málið einslega við nemanda. Kennari ræðir síðan málið við skólustjóra ef ástæða þykir til og þeir leitast við að ljúka málinu.

Valdi nemandi hins vegar vandræðum í skóla með hegðun sinni ber umsjónarkennara (bekkjarkennara) að leita orsaka og reyna að ráða bót á, m. a. með viðtölum við nemanda og forráðamenn hans. Ef sú viðleitni ber ekki árangur skal umsjónarkennari (bekkjarkennari) vísa málinu til skólustjóra.

Sjá nánar reglugerð nr. 512/1975 um skólareglur o. fl. í grunnskóla.

#### 14. gr.

Komi upp ágreiningur milli kennararáðs eða kennarafundar og skólustjóra um meðferð tiltekins máls innan skólans skal vísa málinu til skólaneftndar.

Málinu skal vísa til fræðslustjóra takist ekki samkomulag. Ákvörðun skólustjóra gildir uns úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir nema samkomulag hafi tekist um annað.

#### 15. gr.

Kennari tekur þátt í hópvinnu um þau mál sem ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fjallar um eftir samkomulagi við starfsmenn hennar.

#### 16. gr.

Telji skólustjóri að kennari hafi gerst brotlegur í starfi getur hann vísað málinu til skólaneftndar sem beinir því til fræðslustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Sama gildir telji kennari að skólustjóri hafi gerst brotlegur í starfi. Kæri annar hvor aðilinn er honum skylt að tilkynna hinum það og færa fram ástæður.

Nú telur fræðslustjóri að aðgerðir í málinu þoli enga bið og getur hann þá gert tafarlaugar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í málinu. Þeim úrskurði verður ekki áfrýjað nema málið heyri undir dómstóla.

#### 17. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 24. maí 1976.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 100/1973, sbr. reglugerð nr. 73/1974, um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli.

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, sem verður 9. gr., svohljóðandi:

Drátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 5 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni til ársloka 1977 fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki á Vestfjörðum og svæðinu frá Hvitá í Borgarfirði að Hrutafjarðará. Skal fækkunin fara fram samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun veiðistjóra um fram-